

248. fundur

Mánudaginn 2. apríl 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson.
Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 247. fundar og dagskrá.

Fundargerð 247. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – mars 2012.

Formaður lagði fram framreiknaðann verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. mars sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda. Þar kemur fram að liðurinn lækkar frá því í desember sl. um kr. 64.447.-. Grundvöllurinn hefur aftur á móti hækkað um liðlega 3,6% frá sama tíma, en heildarkostnaður er alls kr. 32.157.389.-.

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtaliðum.

Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

3. Afkoma mjólkuriðnaðarins. Mjólkursamsalan.

Pálmi lagði fram rekstrarreikning vegna ársins 2011. MS hefur gert miklar ráðstafanir í hagræðingu og hefur það skilað betri rekstrarafkomu. Mikil hækkun á rekstrarliðum er framundan á árinu 2012, þá aðallega á raforku, umbúðum, hráolía, launum og gengishækkunum. Ákveðið var að óska eftir upplýsingum um afkomu Auðhumlu ehf. og Mjólkursamlags Kf. Skagfirðinga, fyrir síðasta ár.

4. Staða verðtilfærslusjóðs.

Pálmi lagði fram ársreikning Verðtilfærslusjóðs vegna ársins 2011. Hlutverk sjóðsins er að innheimta verðtilfærslugjald af innveginni mjólk hjá afurðastöðvum og endurgreiða það samkvæmt búvörulögum nr. 99/1993. Tap á árinu 2011 var kr. 32.337.242.- og neikvæð eiginfjárstaða í árslok 2011 flutt yfir til næsta árs k. 219.083.335.-

Pálmi lagði fram yfirlit vegna ársins 2012, en ákveðið var að ræða verðtilfærslugjöld á næsta fundi. Á þeim fundi mun mjólkuriðnaðurinn leggja fram ítarlegt yfirlit yfir stöðu verðtilfærslu, eftir að uppgjör einstakra vöruhegunda hefur farið fram fyrir árið 2012.

5. Verðlagsmódel iðnaðarins.

Pálmi fór yfir og útskýrði verðlagsmódel iðnaðarins

Næsti fundur ákveðinn 3. maí kl. 10,00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir